# Aðgangsviðmið fyrir ferðamálafræði við Háskólann á Hólum

***Almenn lýsing***

Við upphaf náms við Háskólann á Hólum þurfa nemendur að hafa gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti. Auk þess skulu nemendur hafa grunnþekkingu á stærðfræði og tölfræði. Nemendur skulu geta notað tölvur sér til gagns og þekkja til algengustu ritvinnsluforrita og töflureikna. Æskilegt er að nemendur hafi grunnþekkingu í félagsvísindum.

***Aðgangsviðmið fyrir ferðamáladeild-diplómunám í ferðamálfræði, diplómunám í viðburðastjórnun, BA-nám í ferðamálfræði***

Umsækjandi skal hafa lokið stúdentprófi eða sambærilegu prófi.

Að auki er æskilegt að nemendur búi yfir hæfni á:

- 3. hæfniþrepi í ensku, einkum hvað varðar lestur fræðitexta.
- 2. hæfniþrepi í stærðfræði, einkum á sviði tölfræði.
- 2. hæfniþrepi i samfélagsgrein, einkum hvað varðar að vega og meta áhrif umhverfis, sögu og menningar.

*Deildarstjóri*